

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

112. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn fimmtudaginn 16. mars 2023. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 8:30.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Anna Guðrún Jóhannesdóttir (AGJ), Hreiðar Oddsson (HO), Anna Rós Sigmundsdóttir (ARS) og Guðjón Ágúst Gústafsson (GÁG). F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Sigurðardóttir (MS), og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Rakel Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Pá var gengið til dagskrár:

**1. Framkvæmd samkomulags um tilhögun og launaútreikninga vegna fæðingarorlofs kennara.**

**Málsnr. 2208027SA**

Kennari hefur leitað til Félags grunnskólakennara vegna þess að hann telur að sveitarfélag greiði sér ekki laun vegna fæðingarorlofs í samræmi við samkomulag aðila um tilhögun og og launaútreikninga vegna barnsburðarleyfa kennara.

**Niðurstaða:**

Málið rætt.

**2. Önnur mál.**

Rætt um framkvæmd betri vinnutíma. Í gangi er könnun á vegum innleiðingarhóps.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:51.